

14. júlí 2022

Múlaþing
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umsögn um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028, vegna Fjarðarheiðarganga

Með tölvupósti dagsettum 7. júlí sl. óskaði umhverfis- og framkvæmdasvið Múlaþings umsagnar Heilbrigðisnefndar Austurlands um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, vegna Fjarðarheiðarganga. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af Alta dagsett 6. Júlí sl. Umsögn þessi er unnin með hliðsjón af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á þeim byggja.

Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á gildandi aðalskipulagi í allmörgum liðum og koma þær fram bæði á sveitarfélags- og þéttbýlisuppdráttum auk greinargerðar. Fram kemur að gangamunni verði fluttur að Dalhúsum en í gildandi skipulagi er hann við Miðhús. Við gangamunnann er gert ráð fyrir athafnasvæði (A20) í tengslum við gangagerðina og efnistökusvæði (E150) sem m.a. verður nýtt sem haugsetningarsvæði meðan á framkvæmdinni stendur.

Í kafla 2.7 er farið yfir þau leyfi sem framkvæmdin er háð m.a. starfsleyfi heilbrigðisnefndar, vísað er til reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um vinnubúðir gildir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og mötuneyti gildir reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Eins og kemur fram í umsögn heilbrigðisnefndar um matsskýrslu Vegagerðarinnar þann 5. Júlí sl.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við tillöguna

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

